

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 11. janúar 2023:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að gerð verði úttekt á hvað gert hefur verið í umhverfismálum á þessu og síðasta kjörtímabili.

Nú hefur nokkurn veginn sami meirihluti verið við völd í tæp á 5 ár og spurning hvort að ekki sé rétt að fara yfir hvað gert hefur verið í umhverfismálum á þeim tíma. Gera þarf á því úttekt/samantekt. Flokkur fólksins hefur lagt fram fjölda tillagna í þessum málaflokki sem var öllum hafnað. Sem dæmi lagði flokkurinn til að allar nýjar bifreiðar sem borgin keypti og sem ekki krefðust þess af sérstökum ástæðum að þær gengju fyrir jarðeldsneyti væru metan eða rafbílar. Fulltrúi Flokks fólksins lagði einnig til að farið yrði í skógrækt í austur frá borginni og var þeirri tillögu einnig hafnað. Flokkur fólksins leggur því til að meirihlutinn taki saman þó að ekki væri nema einblöðung til að segja frá hvaða stærri verkefni borgin hefur farið í síðustu 3 árin sem þeir telja að hafi gagnast borgarbúum í umhverfismálum og hvað stendur til að gera næstu 2 árin. Hvað hefur t.d. borgin keypt marga rafbíla á þeim tíma og hversu margir ganga fyrir jarðeldsneyti? Hver er áhersla á skógrækt?. Hverju hafa stór verkefni skilað í umhverfismálum?

Greinargerð

Líta verður yfir síðustu ár til að meta og skoða hvaða lýðheilsuávinningur væri af borgarlínu. Til að hugsa þetta alveg ofan í kjarnann má spyrja jafnvel hvaða lýðheilsuávinningur er af því að nota borgarlínu eða eiga bíl eða hjól eða hest? Sá sem á bíl á t.d. auðveldara með að skutla börnum í tómsundur, heimsækja foreldra o.fl. sem gefur meiri tíma fyrir sig og þá aðila. Þessi atriði þarf að skoða þegar meta á ávinning samgöngumáta. Meta þarf lýðheilsu út frá öllum ferðamátum og bera síðan saman.